

Efni: Heimild til að fara í útboð og innleiðingu á umsjónarkerfi fyrir skóla- og frístundasvið

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd skóla- og frístundasviðs, að hefja vinnu við útboð og innleiðingu á umsjónarkerfi fyrir skóla- og frístundasvið.

Skóla- og frístundasvið hefur notast við umsjónarkerfi fyrir umfangsmikið starf leikskóla og vetrar- og sumarfrístund barna í hátt í tvo áratugi. Umsjónarkerfi fyrir börn í leikskólum og frístundastarfi er starfseminni mikilvæg, þar sem umsóknir, vistanir, viðveruskráningar og aðrar nauðsynlegar upplýsingar eru á einum stað fyrir starfsfólk miðlægu skrifstofanna, starfsfólk vistunarstaða og fyrir forsjáraðila.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102, Áhöld tæki og hugbúnaður og tilheyrir verkefnaklasa 80001, hugbúnaður og upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar 2025 til desember 2026 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 194 m.kr., þar af tilheyra 34 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 160 m.kr. í rekstrarkostnað skóla- og frístundasviðs yfir 4 ára tímabil eða 40 m.kr. á ári. Þar af eru 11 m.kr í innri kostnað og 29 m.kr í ytri kostnað á ári.

Fjármögnun rekstrarhluta verkefnisins hefur verið staðfest og samþykkt af eiganda verkefnisins og fjármálastjóra viðkomandi sviðs, dags. 5. mars 2025.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,



Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Greinargerð:

Skóla- og frístundasvið er með umfangsmikið utanumhald fyrir öll börn sem sækja um og eru í borgarreknum og sjálfstætt starfandi leikskólum, vetrar- og sumarfrístundum, auk mataráskriftar. Mikilvægt er að vel sé haldið utan um upplýsingar um börnin sjálf, umsóknir, vistunartíma, biðlista, viðveru, gjaldskrár og reikninga, ásamt mörgu öðru. Þar að auki þarf að fylgjast með breytingum á þjónustu sem forsjáraðilar óska eftir eða gerðar eru á öllu ofantöldu. Því er öflugt umsjónarkerfi mjög mikilvægt fyrir skóla- og frístundasvið.

Í umsjónarkerfum fara fram samskipti milli vistunarstaða og forsjáraðila, sérstaklega varðandi umsóknir, biðlista, vistun og vistunartíma, reikninga og reikningagerð. Þau eru auk þess notuð til upplýsingamiðlunar til forsjáraðila, bæði formlega með tilkynningum og óformlega til dæmis með myndefni. Miðlæg skrifstofa hefur þannig aðgang að skýrslum til að fylgjast með vistunarstöðu hverju sinni, biðlistum og þjónustu hvernar stofnunar og til að tryggja fyrirsjáanleika í rekstri.

Þar sem um ólögráða börn er að ræða, eru gerðar miklar öryggis- og persónuverndarkröfur, auk kröfu um aðgang að eigin gögnum.

Samningur um núverandi kerfi sem er í eigu InfoMentor, og kallast *Völu skólalausnir* eða *Vala leikskóli*, *Vala vetrarfrístund*, *Vala sumarfrístund* og *Vala matur* er að renna út. InfoMentor keypti *Völu skólalausnir* af Advania haustið 2024. Reykjavíkurborg gerði eins árs samning við Advania sem rennur út í mars 2025. Gerður var tímabundinn samningur við InfoMentor fyrir áframhaldandi notkun á *Völu skólalausnum* meðan unnið er að útboði fyrir umsjónarkerfi fyrir þessa starfsemi.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102, Áhöld tæki og hugbúnaður og tilheyrir verkefnaklasa 80001, hugbúnaður og upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar 2025 til desember 2026 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 194 m.kr., þar af tilheyra 34 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 160 m.kr. í rekstrarkostnað skóla- og frístundasviðs yfir 4 ára tímabil eða 40 m.kr. á ári. Þar af eru 11 m.kr í innri kostnað og 29 m.kr í ytri kostnað á ári. Verkbeiðnanúmer 263044.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Þróstur Sigurðsson
Skrifstofustjóri Stafræn Reykjavík